

EIGNAMÖRK

Þarftu að afmarka fasteign, jörð eða lóð?



Hnitsetning landeigna

Í þessum bæklingi er að finna helstu upplýsingar og ástæður þess hvers vegna mikilvægt er að hefjast handa við mælingu og hnitsetningu jarða og lóða. Við förum yfir nokkrar algengar spurningar þessu tengdu, útskýrum ferlið og hvers vegna þetta getur skipt máli fyrir þig, nágranna þína og landeigendur framtíðarinnar. Finnir þú ekki svör við spurningum þínum hér, vilt nánari upplýsingar eða óska eftir tilboði, hvetjum við þig til að hafa samband við okkur á sala@eignamork.is, í síma eða á facebooksíðu Eignamarka.

HAFÐU SAMBAND



565-0005



sala@eignamork.is



Eiðistorgi 13, 170 Seltjarnarnesi

Bæjarhrauni 22, 220 Hafnarfirði

**HAGKVÆMARI LEIÐ MEÐ
FYRIRSJÁANLEIKA Í
FERLUM OG KOSTNAÐI**

**ÞÚ STÝRIR FERÐINNI
MEÐ TRAUSTRI
LEIÐSÖGN OKKAR**

**RÉTT RÁÐGJÖF Í
UPPHAFI KEMUR Í VEG
FYRIR FLÆKJUR OG
ÓPARFA VANDAMÁL**

**ÁRATUGA REYNSLA
SÉRFRÆÐINGA Í
MÁLAFLOKKNUM**

Af hverju þarf ég að hugsa út í þetta

Með breytingum á lögum um eignaráð og nýtingu fasteigna árið 2020 var innleitt að leita þurfi samþykkis forsætisráðuneytis fyrir kaupum á jörðum til að auka yfirsýn á eignarhaldi þeirra og notkun. Nú þegar er í vinnslu nýtt frumvarp sem útlit er fyrir að muni þrengja enn frekar að þessum málaflokki og setja honum fastari skorður en fyrri lög. Því er jafnvel brýnna hagsmunamál nú en fyrr að skýra landamerki jarða og lóða.

Ég á litla landareign - skiptir þetta þá máli?

Þetta getur haft þýðingu ef þú vilt selja jörðina þína eða hafa á henni eigendaskipti eða ráðstafa með öðrum hætti. Sala og eigendaskipti á óhnitsettri jörð geta t.d. strandað á fyrrnefndu samþykki ráðuneytis ef sá sem skráður verður fyrir jörðinni er landeigandi fyrir með eignarhald á 1500 ha. af landi. Fáist leyfi verður landeignin í slíku tilfalli að vera staðfest, skráð og afmörkuð á réttan hátt til að hægt sé að klára söluna.

Af hverju nú en ekki síðar?

Þekking á landamerkjum og staðháttum er að minnka. Landið tekur sífelldum breytingum, kennileiti í náttúrunni kunna að vera horfin, breytt eða gleymd og landamerkjalyásingar þannig orðnar óskýrar. Í slíkum tilfellum er sérstaklega brýnt að bregðast við.

Sumstaðar hefur landamerkjum verið vel viðhaldið og enginn vafi leikur á um hver á hvað. Í báðum tilfellum

er gott að koma verkinu af stað því þetta verður aldrei spurning um hvort þetta þurfi heldur hvenær. Það er því bæði í senn mikilvægt að þekkingin glatist ekki og að hún sé nýtt þegar hún liggur fyrir og merki eru skýr. Það er einfaldara og betra.

Mæling og hnitsetning útskýrð

Það er talað um innmælingu þegar mæling er framkvæmd á jörð með staðsetningartækjum sem gefa okkur mynd af útlínunum jarðar út frá hnitum. Þessar mælingar endurspeglar ekki alltaf nákvæman raunveruleika og hugmyndir eigenda eða lýsingar úr landamerkjabókum en þær ráða heldur ekki einar og sér útkomunni.

Þegar þessari mælingu er lokið eru niðurstöður hennar bornar saman við textalýsingar í landamerkjabókum og afstemmdar og stilltar eftir eðli máls hverju sinni þar til niðurstöðu er náð sem sátt ríkir um. Komi síðar fram gögn sem véfengja niðurstöðuna er hægt að fá henni breytt.



Hvað kostar þetta?

Verðskrá er að finna á heimasíðu okkar www.eignamork.is. Í flestum málum má gera ráð fyrir að kostnaðurinn sé aðeins í grunnjaldinu og hnitakortinu sjálfu en ef þú telur að um flókið mál sé að ræða er hægt að kaupa stakan ráðgjafatíma sem er ætlað að ná utan um væntan kostnað með eins nákvæmum hætti og unnt er. Lykilatriðið er að þú vitir fyrirfram í hverju skrefi hver kostnaðurinn gæti orðið. Einnig er hægt að óska eftir tilboðum með fyrirspurn á tölvupóstinn sala@eignamork.is eða í gegnum síma.



Á hverju er byrjað og hvað er innifalið?

Þú ferð inná heimasíðu okkar www.eignamork.is og kynnir þér hvaða þjónustuleið hentar þér. Mismunandi þjónustuleiðir og hvað þær innihalda er hægt að kynna sér undir **verðflípanum** á heimasíðunni. Eftir að þú hefur gengið frá kaupum á þjónustu getur þú skráð þig inn með rafrænum skilríkjum og hafist handa. Þú færð aðgang að notendavefnum okkar, sérhönnuðum kortavef, þinglýstum skjölum um þína fasteign ásamt ítarlegum leiðbeiningum og kennsluefni um ferlið framundan, hvað þarf að gera og í hvaða röð. Starfsfólk okkar tekur svo við fyrirspurnum og aðstoðar þig á eignamork@eignamork.is eða í síma 565-0005.



Nágranninn skiptir máli

Það er mikilvægt að eiga samtál við eigendur aðliggjandi jarða um að hnitsetja eigi jörð eða lóð. Þetta er best að gera í upphafi því samkomulag um mælingar og staðsetningu hnita er nauðsynlegt til að fá þeim þinglýst án vandkvæða. Verkferlar okkar og nýjar tæknilausnir eru hannaðar til að lágmarka hættu á árekstrum og ósætti. Unnið er á fagmannlegan hátt að niðurstöðu og lausn sem sátt ríkir um út frá fyrirliggjandi gögnum. Ef sátt næst ekki er hægt að undanskilja þau mörk frá mælingu og klára það sem sátt ríkir um. Þannig er einfaldara, fljótlegra og ódýrara að klára verkið þegar færi gefst að nýju.

Er þetta ekki of flókið?

Það kann að virðast svo því fæstir standa í þessu reglulega. Hafa þarf samband við marga aðila, stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir og nágranna og það getur reynst flókið og tímafrekt. Við höfum einfaldað þetta ferli með því að tryggja samvinnu opinberra aðila og auðveldum þér að klára málið hjá okkur og með okkur með einfaldari hætti en áður.



Af hverju Eignamörk?



Sú þjónusta sem Eignamörk veitir beinir fólki í farveg sem er málefnalegur og gagnsær. Landeigendur fylgja réttum skrefum innan sama kerfis til að komast sameiginlega að niðurstöðu. Gögn beggja eru þannig uppi á sama borðinu yfirfarin af óháðum aðila sem hefur enga sérhagsmuni af niðurstöðunni. Það hefur sýnt sig að þessi nálgun auðveldar samskipti um verkefnið og flýttir fyrir lausn mála.

Hver erum við?

Eignamörk.is er þjónusta fyrirtækisins Topolocate ehf. Að fyrirtækinu standa sérfræðingar á sviði eignaréttar, landmælinga og fasteignaskráningar með áratuga reynslu við þinglýsingar, skráningu fasteigna og landmælingar. Þessi reynsla og þekking skilar því að við getum leiðbeint viðskiptavinum okkar af öryggi hvaða leið er best að fara og hvernig hámarks árangri verði náð hverju sinni.



TOPOLOCATE



Direkta
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÓF

Landnot ehf

Gps-landmælingar - Landskipti - Hnitsetningar - Heimildagreining



EIGNAMÖRK